

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2011



Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Ritstjórn og ábyrgð: Þórhildur Þorsteinsdóttir

Gerð ársreiknings: Jón G. Guðbjörnsson, Þórhildur Þorsteinsdóttir

Samantekt taflna ofl.: Þórhildur Þorsteinsdóttir

Endurskoðun ársreiknings: Ríkisendurskoðun/Sigurgeir Bóasson

Forsíða: Hvanneyri/ Áskell Þórisson

Ljósmyndir: Þórhildur Þorsteinsdóttir, nema annars sé getið

Umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir

Prentun: Leturprent, Dugguvogi 12, Rvk.

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðni aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum.“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú með skipunartíma til 16. janúar 2013:

Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., formaður, tilnefndur af landbúnaðarráðherra
Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum, V-Hún., tilnefnd af landbúnaðarráðherra
Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, V.-Hún., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Ólöf Hallgrímsdóttir, Hraunbergi, Mývatnssveit, tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefninga:

Þorsteinn Tómasson, Reykjavík.
Vigdís Sveinbjörnsdóttir, Egilsstöðum.
Haraldur Benediktsson, Vestra-Reyni, Borg.
Svana Halldórsdóttir, Melum, Svarfaðardal.
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, Ísafirði.

Um áramótin lét Jón G. Guðbjörnsson af framkvæmdastjórn hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins eftir nær aldarfjórðungs starf en hann hóf þar störf 1. september 1987. Jón lauk ársuppgjöri og frágangi ársskýrslu áður en hann vék frá framkvæmdastjórn sjóðsins. Þórhildur Þorsteinsdóttir annast daglegan rekstur sjóðsins og er í fullu starfi. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubyggingu Borgarlands ehf. við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2011

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt sjö formlega fundi á árinu 2011. Þar af voru tveir símafundir og hefur sá háttur reynst vel og sparað fé og fyrirhöfn á milli hefðbundinna fundahalda. Stjórn sjóðsins og forstöðumaður fóru kynnisferð um Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu með viðkomu í Árnes- og Rangárvallasýslu og heimsóttu marga aðila sem hafa átt eða eiga samskipti við sjóðinn vegna

nýbreytni og atvinnusköpunar. Þessar árlegu ferðir sjóðsstjórnar eru liður í eftirfylgni og aðhaldi af hennar hálfu gagnvart viðskiptavinum sjóðsins en einnig stjórnarmönnum til gagns í þeirra störfum. Þá fór stjórnarformaður ásamt forstöðumanni eða stjórnarmanni eftir því sem við átti, í sérstakar ferðir til þess að ræða við aðila sem höfðu sótt um framlög til atvinnuuppbyggingar. Að venju voru ýmsir fundir haldnir með einstaklingum og fulltrúum aðila er óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi. Einnig sóttu formaður og forstöðumaður fundi og aðra viðburði eftir efnun og ástæðum.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) eru upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2011 eru sömuleiðis aðgengilegar á heimasíðu hans. Þær hafa einnig verið gefnar út prentaðar í takmörkuðu upplagi en megin hluta þess er dreift til búnaðarþingsfulltrúa, alþingismanna og til nokkurra stofnana.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2011

Í upphafi árs fjallaði stjórn Framleiðnisjóðs að venju um starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Tölverðar breytingar voru gerðar á reglunum frá fyrra ári. Sú staðreynd að fjárframlög til Framleiðnisjóðs árið 2011 voru skert svo um munaði (sjá nánar kafla 5) kallaði á endurskoðun á rekstri sjóðsins og áherslum við forgangsörðun og verkefnaval. Starfsreglur og fjárhagsáætlun á grundvelli þeirra mótuðu meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu 2011. Starfsreglurnar voru þessar:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með fjárframlögum við vel undirbúin verkefni til nýsköpunar atvinnu á bújörðum, samstarfsverkefni bænda og aðra eflingu atvinnu til sveita, ásamt að styðja áfram við Vaxtasprotaverkefni Impru og Starfsmenntasjóð BÍ.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins.

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2011

Í fjárlögum fyrir árið 2011 voru framlög til Framleiðnisjóðs skorin niður um meira en 90% borið saman við áður gildandi búnaðarlagasamning. Því var ljóst að sjóðurinn hafði nær eingöngu eigið fé á að ganga til verkefnaráðstöfunar.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins voru alls 31,2 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 15,3 mkr. Fjármunatekjur námu 15,9 mkr.

Eins og fyrri ár var óhöfnum framlögum endurráðstafað, nú að upphæð 21,3 mkr., en það eru



Gistiskáli að Sólheimahjáleigu í Mýrdal.

framlög sem samþykkt voru á árunum 2009 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti. Sjóðurinn hefur fylgt þeirri reglu sinni að loforð um framlög fynast að tveimur árum liðnum sé þeirra ekki vitjað.

Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóði og samningsbundnar greiðslur námu 82,0 mkr. Á árinu 2011 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs alls 13,9 mkr. samanborið við 21,4 mkr. árið 2010. Breyting á afskriftareikningi útlána að upphæð 6,0 mkr. er síðan færð til lækkunar á rekstarkostnaði. Sjóðurinn er gerður upp með 37,4 mkr. tekjuhalla samanborið við 6,3 mkr. tekjuafgangi árið á undan.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2011 námu 230,3 mkr.; allt innistæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) og umsýslufé 139,3 mkr. Útlán sjóðsins eru að fullu uppgerð. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 90,5 mkr. í árslok 2011.

Um fjárhag Framleiðnisjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.

6. Umsóknir og erindi 2011

Á árinu 2011 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 109 aðsend erindi. Af þeim voru 75 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 34 töldust til almennra viðfangsefna.

Stjórn Framleiðnisjóðs afgreiddi á árinu 37 erindi með fyrirheit um fjárstuðning, ásamt 6 erindum frá 2010 er voru enn í vinnslu hjá sjóðnum í upphafi árs. Alls voru því afgreidd 43 erindi. Af þeim voru 35 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 8 almenn verkefni. Synjað var 11 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 9 erindum synjað, þau viku í forgangsröð eða voru talin utan starfssviðs sjóðsins. Auk þess fólu nokkur erindanna ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Þá er að því að gæta að 48 erindi voru í vinnslu

hjá sjóðnum við lok starfsárs. Kemur það til vegna þess að sjóðurinn auglýsti eftir umsóknum fyrir árið 2012 með umsóknarfrest til 5. desember 2011.

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2011. Skrár um einstök framlög, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 4. og 5. töflu hér aftar. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Ýmis rannsókn- og þróunarverkefni: Framleiðnisjóður veitti 2 styrki í þessum flokki á árinu 2011:

- vegna þróunar bóluþefnis gegn sumarexemi hjá Tilraunastöð HÍ á Keldum.
- vegna stofnræktunar kartöfluútsæðis hjá Mast.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2011 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum eins og áður við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2,6 mkr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1,3 mkr., eru þó veitt vegna framkvæmda sem taldar eru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 66,2 mkr. Fleiri verkefni á vegum bænda voru studd eins og sjá má í 4. töflu; verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2011

Landshluti	Ferða- búskapur	Tamn. og hestapjón.	Iðnaður	Heima- vinnsla	Ýmislegt	Alls
Vesturland	3	-	-	2	-	5
Vestfirðir	1	-	-	-	-	1
Norðurland vestra	2	-	1	-	2	5
Norðurland eystra	-	2	-	-	2	4
Austurland	3	1	1	-	-	5
Suðurland	2	4	3	3	2	14
Reykjanes	-	-	-	-	1	1
SAMTALS	11	7	5	5	7	35

Fjöldi verkefna í þessum flokki hefur reynst breytilegur á milli ára en vænta hefði mátt meiri samdráttar eftir hrún heldur en raun hefur orðið á. Sem fyrr var ferðabúskapur af ýmsu tagi stór hluti studdra umsókna. Þar var um að ræða gisti- og veitingaaðstöðu en líka verkefni á sviði afþreyingar fyrir ferðamenn. Verkefni sem varða sérhæfða aðstöðu til hrossatamninga og tengdrar þjónustu voru færri en jafnan á undanförunum árum. Margir þeirra sem hafa tamningar

að atvinnu bjóða einnig upp á hestaferðir að sumri til. Vaxandi áhugi er á heimavinnslu búsafurða sem virðist vera eitt helsta nýbreytnisviðið í sveitum þessi misserin. Af fimm verkefnum sem flokkuð eru á sviði iðnaðar eru tvær vatnsaflsvirkjanir.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því á árinu 2006 að koma á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands. Taldi stjórn FL það eðlilegri skipan mála en að Framleiðnisjóður niðurgreiddi námskeiðsgjöld til búnaðarskólanna. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóðnum starfsreglur í samráði við stjórn Framleiðnisjóðs sem á hinn bóginn leggur sjóðnum til fjármuni er ganga til þess að létta bændum og búaliði sókn til endurmenntunar. Greinargerð um Starfsmenntasjóð BÍ er í 8. kafla ársskýrslunnar. Ber hún með sér að aðsókn í endurmenntun var áþekk því sem var á næstliðnu ári.

Ekki var um að ræða neina sérstaka styrki til framhaldsnáms í búvísindum á árinu.

Samstarf við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem formlega var stofnað til í árslok 2006 með verkefninu Vaxtarsprotar, hélt áfram árið 2011. Til framkvæmdar sjálfu verkefninu varði sjóðurinn að sínum hluta 2,6 mkr. til jafns við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Kjartan Ólafsson var fulltrúi FL í stjórn verkefnisins ásamt Berglinði Hallgrímsdóttur framkvæmdastjóra Impru. Sérstök árgreinargerð er um verkefnið í 8. kafla ársskýrslunnar.

d) Kynningarmál

Framleiðnisjóður hefur ekki staðið fyrir viðamiklu kynningarstarfi á starfsemi sinni. Þó hefur hann minnt á tilveru sína með reglubundum hætti í Bændablaðinu auk einstakra auglýsinga. Einnig hefur stjórn sjóðsins gert rækilega grein fyrir störfum sínum og úthlutunum með reglulegri útgáfu ársskýrslu í meira en 20 ár eða frá árinu 1987. Þá hafa önnur tilefni verið nýtt, þegar gefist hafa eða óskað hefur verið eftir kynningu á sjóðnum og starfsemi hans. Einnig heldur sjóðurinn úti vefsíðu á slóðinni www.fl.is þar sem er að finna helstu upplýsingar um sjóðinn, fréttir, ársskýrslur, umsóknareyðublöð o.fl.



Brugghús í Ölvisholti í Flóa.



Kjarnfóðurbás í verkefninu Hross í frjálstri vist að Ölvisholti í Flóa.

8. Af sérstököm verkefnum FL

a) *Vaxtarsprotar* - Samstarfsverkefni Framleiðnisjóðs og Impru

Framleiðnisjóður og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands héldu áfram samstarfi sínum um verkefnið Vaxtarsprotar á árinu 2011. Um er að ræða stuðningsverkefni sem hefur það að markmiði að hvetja og styðja við fjölbreytta atvinnusköpun í sveitum. Verkefnið fór af stað í upphafi ársins 2007 á Suðurlandi og í Húnaþingi og á Ströndum, en kom til framkvæmda í Þingeyjarsýslum, Dalabyggð og Reykhólahreppi á árinu 2008. Á árinu 2009 voru haldin námskeið á Austurlandi og í Skagafirði en í Eyjafirði og á Vesturlandi 2010. Á þessu ári var haldið námskeið á Suðurlandi fyrri hluta ársins og ráðgert var að hafa námskeið seinni hluta ársins í Austur Skaftafellssýslu en úr því varð því miður ekki þar sem ekki varð næganleg þátttaka.

Erla Sigurðardóttir, starfsmaður Impru á Húsavík, er verkefnisstjóri Vaxtarsprotar.

Verkefnið er opið öllum íbúum í sveit og vinnur hver og einn þátttakenda að þróun eigin viðskiptahugmyndar. Þátttakendum í verkefninu hefur staðið til boða margvíslegur stuðningur. Boðið hefur verið upp á námskeið, einstaklingsbundna ráðgjöf, auk þess sem ýmsir styrkjámöguleikar hafa verið kynntir. Framkvæmd verkefnisins á árinu 2011 var að venju í samvinnu við búnaðarsambönd og atvinnuþróunarfélög á viðkomandi svæðum.

16 einstaklingar útskrifuðust með 14 verkefni á Suðurlandi. Mörgum þeirra atvinnuskapandi verkefna sem þátttakendur hafa unnið að hefur þegar verið ýtt úr vör en önnur eru enn á undirbúningsstigi. Má vel merkja það í umsóknafloðu til Framleiðnisjóðs. Ennfremur hafa margir forsvarsmenn starfandi fyrirtækja nýtt sér Vaxtarsprotaverkefnið til frekari framþróunar á sinni starfsemi.

Venja er að ljúka Vaxtarsprotaverkefninu á hverju svæði með myndarlegri uppskeruhátíð. Á vordögum var haldin uppskeruhátíð Sunnlandinga að Hótel Heklu. Á þessum hátíðum gera þátttakendur grein fyrir verkefnum sínum og fá viðurkenningu fyrir þátttöku í námskeiðinu. Markmið þessara hátíða er að skapa formlega umgjörð um lok verkefnisins, að hefja vinnu þátttakenda til vegs og virðingar og vekja athygli á viðfangsefnum þeirra.



Þátttakendur í verkefninu Vaxtarsprotar á Suðurlandi við brautskráningu í júní 2011. Ljósmynd: Tinna Björk Arnardóttir.

b) Starfsmenntasjóður BÍ

Starfsmenntasjóður BÍ, sem fjármagnaður er af Framleiðnisjóði eins og fyrr sagði, tók til starfa um miðbik ársins 2006. Mótaðar voru reglur um stuðning og þær kynntar, sjá m.a. www.bondi.is/landbunadur/ Skrifstofa Bændasamtaka Íslands annast rekstur sjóðsins í daglegri umsjón Ásdísar Kristinsdóttur. Eftirfarandi er byggt á greinargerð hennar:

Á árinu 2011 bárust alls 268 umsóknir (252 árið 2010) er þannig skiptust eftir búgreinum:

2. tafla. Fjöldi umsókna um starfsmenntastyrki á árinu 2011 skipt eftir búgreinum

Búgrein	Fjöldi	Búgrein	Fjöldi
Alifuglarækt	2	Sauðfjárrækt	137
Ferðaþjónusta	1	Skógrækt	16
Hrossarækt	5	Svínarækt	0
Loðdýrarækt	6	Ylrækt og matjurtir	1
Nautgriparækt	99	Óflokkað	0
Nýsköpun og hlunnindanýting	1		

3. tafla

Rekstraryfirlit Starfsmenntasjóðs BÍ

Tekjur	2011	2006-2010
Framlag FL	5.500.000	19.000.000
Styrkveitingar	5.901.410	17.990.355
Rekstrarafgangur:	-401.410	1.009.645

Ójafnað eigið fé 31.12.11 **608.235** ÁK 7.2.2012

Árið 2011 veitti Starfsmenntasjóður 219 styrki að upphæð 5.901.410 kr. Nokkrar umsóknir eru í úrvinnslu. Styrkjafjárhæðir hækkuðu um 50% á árinu 2009 og hafa haldist óbreyttar síðan. Hámarksstyrkur nemur nú kr. 33.000. Heildarráðstöfun sjóðsins frá upphafi nemur 23,9 mkr. og veittir styrkir alls 1427. Eins og áður, þó einsleitara sé en á fyrra ári, endurspeglar viðfangsefni umsækjenda fjölbreytileika landbúnaðarins þótt þorri styrkjanna tengist námskeiðum í hinum hefðbundnu og stóru búgreinum, sauðfjár- og nautgriparækt.

9. Í eftirleitum

Umsóknir til Framleiðnisjóðs á árinu 2011 voru sem fyrr fjölbreyttar að efni þótt því megi einnig halda fram með rökum að nokkurrar einsleitni gæti frá einu ári til annars. Það breytir ekki því að umsóknirnar endurspeglar vilja umsækjenda til atvinnuefingar og nýsköpunar. Einnig ber að hafa í huga að allri nýsköpun fylgir áhætta sem jafnan liggur að stærstum hluta hjá þeim sem fyrir henni standa og ætla að hafa af henni viðurværi. Þeim mun mikilvægara er að vandað sé til undirbúnings því eitt er að fá hugmynd; annað er að gera sér grein fyrir hvort hún sé raunhæf og framkvæmanleg. Er þá enn og aftur ástæða til að vekja athygli á Vaxtarsprotaverkefninu.

Í nær hálföld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins verið nýsköpunar- og þróunarsjóður landbúnaðarins. Megin hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins hefur farið til atvinnunýsköpunar auk

rannsóknna og þróunar. Rannsóknir eru nýsköpun þekkingar og með stuðningi við slík viðfangsefni hefur Framleiðnisjóður rækt hlutverk sitt til aukinnar framleiðni og hagræðingar. Jafnframt hefur Framleiðnisjóður stutt með beinum hætti við margháttuð hagræðingar- og nýsköpunarverkefni. Mörg þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur veitt fjárhagslegt brautargengi hafa haft menningarlegt varðveislugildi en jafnframt verið atvinnuskapandi og þjónað markmiðum menningartengdrar ferðapjónustu sem aftur kallast á við stuðning sjóðsins við uppbyggingu aðstöðu til að mæta þörfum ferðamanna fyrir húsaskjól og næringu. Ferðabúskapur er fjölbættur og tengist að hluta til hestamenskunni. Miklar framfarir hafa átt sér stað í hrossarækt og hestamenskun, studdar stórbættari aðstöðu og aðbúnaði fyrir menn og skepnur. Spor Framleiðnisjóðs á þeim vettvangi má merkja víða og með afgerandi hætti. Af mörgu fleira er að taka sem vert væri að nefna og eitt er víst að öðruvísi væri um að litast í sveitum okkar lands ef Framleiðnisjóðs hefði ekki notið við. Við þær aðstæður hlýtur það að vera áhyggjuefni að ráðstöfunarfé sjóðsins hefur skroppið saman, bæði að krónutölu og raungildi, svo um munar síðustu árin. Flestar stofnanir hafa mátt þola skerðingar á fjárframlögum en harkaleg útreið Framleiðnisjóðs er þó líkast til einsdæmi. Bent er á að sjóðurinn hafi ríflegt eigið fé á að ganga. Það er að sönnu rétt en hrekkur skammt eitt og sér til að næra vaxtarsprotana. Minnkandi ráðstöfunarfé Framleiðnisjóðs er því verulegt áhyggjuefni því landbúnaðurinn þarf að eiga öflugan nýsköpunar- og þróunarsjóð. Meginmálið er að fjármagnið nýtist vel- að það geti hvatt til nýsköpunar og eflingar atvinnu í sveitum og stutt myndarlega við nauðsynlegar rannsóknir í landbúnaði. Án rannsókna hægir á nýsköpun og framþróun. Höfum við ráð á slíkum sparnaði þegar horft er til framtíðar?



Heimavinnsla afurða/ Hjördís Rut Jónsdóttir og Ingi Már Björnsson að Suður-Fossi í Mýrdal eru búin að koma sér upp ísgerð.

Stjórn og starfsmenn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, sem í hlut eiga, góð og gagnleg samskipti á árinu 2011.

4. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra framleiðni og hagræðingarverkefna á árinu 2011. Framlöggin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	Fl.	Verkefni	Upphæð
Önnur þróunarverkefni:			
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Sumarexem í íslenskum hestum	2.000.000
			2.000.000
Önnur verkefni á vegum bænda:			
Þreskir ehf	B2	Kornþurrkun	1.500.000
Æðarræktarfélag Íslands	B2	Markaðssetning og kynning á ísl.æðardúni	1.000.000
Blöndubýggð ehf	B3	Eyvindarstofa	1.000.000
Ólína Gunnlaugsdóttir	B3	Samkomuhúsið	1.000.000
			4.500.000
Endurmenntun:			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	C	Vaxtasprotar; samkomulag Impru og Framleiðnisjóðs	2.638.000
Bændasamtök Íslands	C	Starfsmenntasjóður	5.500.000
			8.138.000
Stofnrækt kartaflna:			
Matvælastofnun	G	Stofnræktun kartöfluútsæðis	1.175.000
			1.175.000
Verkefni á lögbýlum:			
Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum	B1	sjá 5. Töflu	66.200.000
Samtals verkefnaráðstöfun á árinu 2010			82.013.000



Stjórnarmenn ræða við Jón Guðmundsson ferðaþjónustubónda í Drangshlíð I undir Eyjafjöllum.

5. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnu-eflingar og þróunar á bújörðum 2011, sjá 7. kafla b hér að framan og sbr. 1. töflu. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis og ekki kemur allt til framkvæmda sem ætlað er. Upphæðir eru í krónum.

Nafn/nöfn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Dalsgarður ehf	Dalsgarði	Kjós.	Ræktun hindberja	1.500.000
Arnheiður Hjörleifsdóttir	Bjarneyjarsandi	Borg.	Bjarneyjarsandur 3M	600.000
Svanur Pálsson	Álftártungu	Mýr.	Heimavinnsla afurða	2.600.000
Heiðbjört Ósk Ásmundsdóttir	Varmalæk	Mýr.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.400.000
Valgerður Hrefna Birkisdóttir	Vegamótum	Snæf.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.600.000
Katharina Kotschote	Hofsstöðum	Snæf.	Heimavinnsla afurða	2.600.000
Urðartindur ehf	Norðurfjörður I	Strand	Ferðaþjónusta, sumarhús	2.000.000
Töfrakonur ehf	Syðri Löngumýri	A-Hún.	Hveravallagull	400.000
Sveitabakarí SF.	Auðkúlu I	A-Hún.	Brauðgerð.	400.000
Elín Helga Sigurjónsdóttir	Reykir I	Skag.	Munasafn	1.000.000
Gæðingur-Öl ehf	Útvík	Skag.	Brugghús	2.600.000
Sigurður Hansen	Kringlumýri	Skag.	Kakalaskáli- menningartengd ferðaþj.	2.600.000
Ríkharður G. Hafdal	Glæsibær II	Eyjaf.	Tamningaaðstaða	2.600.000
Friðgeir Sigtryggsson	Breiðamýri	S-Þing.	Byggþurrkun	700.000
Elín Baldvinsdóttir	Svartárkoti II	S-Þing.	Silungsvinnsla í Svartárkoti	2.400.000
Bergþóra Stefánsdóttir	Brekknakot	N-Þing.	Tamningaaðstaða	200.000
Jónas Guðmundsson	Hrafnabjörgum III	N-Múl	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.300.000
Bláeyri ehf	Bláeyri	N-Múl.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.000.000
Marietta Maissen	Finnstaðaholti	S-Múl	Tamningaaðstaða	2.600.000
Helgi Bragason	Setberg	S-Múl	Kartöfluvinnsla	2.000.000
Aðalheiður Fanney Björnsdóttir	Sauðanes	A-Skaft.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.000.000
Sigfús Sigurjónsson	Borgarfelli	V-Skaft.	Heimavinnsla afurða	2.600.000
Kjartan Ólafsson	Botnum í Meðallandi	V-Skaft.	Vatnsaflstöð	2.600.000
Ólafur Þ. Gunnarsson	Giljur	V-Skaft.	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða	2.000.000
Hjördís Rut Jónsdóttir	Suður-Foss	V-Skaft.	Heimavinnsla afurða, ísgerð	2.600.000
Páll Melsted	Heiði	Rang.	Tamningaaðstaða	400.000
Heiða Björg Scheving	Hvassafelli	Rang.	Ferðaþjónusta, veitingaskáli	2.600.000
GK gluggar ehf	Norður-Nýjibær	Rang.	GK gluggar ehf	2.600.000
Sigríkur Jónsson	Syðri-Úlfsstöðum	Rang.	Tamningaaðstaða	400.000
Árni Jónsson	Hlíðarendakoti	Rang.	Vatnsaflsvirkjun	1.700.000
Halla Kjartansdóttir	Ölvisholt	Árn.	Hross í frjálsi vist	2.000.000
Gauti Gunnarsson	Læk	Árn.	Heimavinnsla afurða, ísgerð	2.600.000
Baldur Eiðsson	Langholti III	Árn.	Tamningaaðstaða	2.600.000
Espiflöt ehf	Espiflöt	Árn.	Lauklagningar- og moldarvinnslusamst.	2.000.000
Ingólfur Guðnason	Engi	Árn.	Ræktun hindberja	1.400.000
				66.200.000

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársreikningur 2011

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri
311 Borgarnes
kt. 590986-1789

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda	15
Áritun endurskoðenda	16
Rekstrarreikningur	17
Efnahagsreikningur	18
Sjóðstreymi	19
Skýringar	20-23

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.


Á árinu 2011 var tekjuhalli af rekstri Framleiðnisjóðsins 37,4 m.kr. Eignir samtals eru 230,3 m.kr. í árslok. Skuldir samtals eru 139,8 m.kr. og eigið fé 90,5 m.kr.

Samkvæmt búnaðarlagasamningi frá 20. október 2010 var tekin ákvörðun um mikinn niðurskurð á framlögum til Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins en jafnframt tekið fram að sjóðurinn haldi úti nokkurri starfsemi í tvö ár með því að ganga á eigið fé sjóðsins.

Stjórn og forstöðumaður Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. febrúar 2012

í stjórn


Kjartan Ólafsson,
formaður.


Gunnar Sæmundsson.



Sveinn Ingvarsson.


Guðný Helga Björnsdóttir.


Ólaf Halgrímsdóttir.


Þórhildur Þorsteinsdóttir
forstöðumaður

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og forstöðumanns er ársreikningurinn samþykktur.



Steingrímur J. Sigfússon
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun 21. febrúar 2012



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Framlög			
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi.....		15.300.000	148.300.000
Fengin framlög		<u>15.300.000</u>	<u>148.300.000</u>
 Veitt framlög:			
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf.....	11	8.138.000	18.500.000
Rannsóknar- og þróunarverkefni.....	12	3.175.000	48.100.000
Markaðsmál og vörubrún.....	13	0	9.500.000
Fyrirtæki í dreifbýli.....	14	4.500.000	16.650.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda.....	15	66.200.000	82.070.000
Fyrnd framlög.....	16	(21.316.154)	(22.470.767)
Veitt framlög		<u>60.696.846</u>	<u>152.349.233</u>
Fengin framlög umfram veitt		(45.396.846)	(4.049.233)
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		15.961.500	17.696.562
		<u>15.961.500</u>	<u>17.696.562</u>
 Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	17	10.972.181	16.390.157
Annar rekstrarkostnaður.....	18	2.943.320	4.996.761
Breyting á afskriftareikningi útlána.....	7	(6.000.000)	(6.000.000)
Hagnaður af sölu hlutabréfa.....		0	(8.000.000)
		<u>7.915.501</u>	<u>7.386.918</u>
 Tekjuafgangur ársins		<u>(37.350.847)</u>	<u>6.260.411</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	2011	2010
Sjóður og innstæður			
Innstæður í lánastofnunum.....		230.302.686	272.069.082
Útlán			
Útlán.....	6	0	17.356.970
Afskriftasjóður útlána.....	7	0	(6.000.000)
		0	11.356.970
Aðrar eignir			
Skammtímakröfur		0	53.916
		0	53.916
Eignir alls		230.302.686	283.479.968
 Skuldir og eigið fé			
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög.....	9	111.233.952	154.623.016
Umsýslufé.....	10	28.108.975	3.120
Ýmsar skammtímaskuldir.....		411.023	954.249
	Skuldir	139.753.950	155.580.385
Eigið fé:			
Eigið fé.....	8	90.548.736	127.899.583
	Eigið fé	90.548.736	127.899.583
Skuldir og eigið fé alls		230.302.686	283.479.968

Sjóðstreymi árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Handbært fé frá rekstri:			
Tekjuafgangur	(37.350.847)	6.260.411
Hagnaður af sölu hlutabréfa.....		0	(8.000.000)
Veltufé frá rekstri	(37.350.847)	(1.739.589)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....		53.916	(53.916)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	(15.826.435)	(23.782.001)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(15.772.519)	(23.835.917)
Handbært fé frá rekstri	(53.123.366)	(25.575.506)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Útlán.....		11.356.970	(6.735.135)
Sala hlutabréfa.....		0	18.000.000
Fjárfestingarhreyfingar		<u>11.356.970</u>	<u>11.264.865</u>
Fjármögnunarhreyfingar		0	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....	(41.766.396)	(14.310.641)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>272.069.082</u>	<u>286.379.723</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>230.302.686</u>	<u>272.069.082</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Útlán

2. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum í árslok.
3. Afskriftasjóður útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður sjóður til að mæta hugsanlega töpuðum útlánnum. Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

4. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnstæður sjóðsins.

5. Eignarhlutir

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir úr efnahagsreikningi

6. Útlán

Útlán Framleiðnisjóðs voru greidd upp á árinu 2011.

7. Afskriftareikningur

Afskriftareikningur er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi. Þar sem öll útlán sjóðsins voru greidd upp að fullu á árinu er afskriftareikningur útlána leystur upp í árslok.

Afskriftareikningur 01 .01 2011	6.000.000
Lækkun í árslok	(6.000.000)
Afskriftareikningur 31 .12 2011	<u>0</u>

Skýringar

Eigið fé

8. Yfirlit um breytingar á eigin fé

Bókfært eigið fé í ársbyrjun	127.899.583
Tekjuafgangur ársins	(37.350.847)
Eigið fé í árslok	<u>90.548.736</u>

9. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2011 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2009 og fyrr.....	14.860.000
Framlög samþykkt á árinu 2010.....	55.339.821
Framlög samþykkt á árinu 2011.....	41.034.131
Samtals	<u>111.233.952</u>

10. Umsýslufé

Framleiðnisjóði hefur verið falin fjármálaumsýsla vegna aðlögunarsamnings garðyrkju. Í árslok er óráðstafað kr. 28.108.975.

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

11. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

Framlög vegna fræðslu, endurmenntunar og ráðgjafar lækka um 10,4 m. kr. frá fyrra ári eða um 56,0%

	2011	2010
Bændanámskeið.....	5.500.000	3.500.000
Styrkir til framhaldsnáms.....		4.200.000
Starfsmenntunarstyrkir.....		2.100.000
Frumkvöðlafræðsla.....	2.638.000	4.200.000
Ýmis fræðsla og ráðgjöf.....		4.500.000
	<u>8.138.000</u>	<u>18.500.000</u>

Skýringar

12. Rannsóknar- og þróunarverkefni

Framlög til rannsóknar- og þróunarverkefna lækka um 44,9 m. kr. milli ára sem er 93,4% lækkun.

	2011	2010
Erfða- og líffræðirannsóknir.....	2.000.000	3.500.000
Ræktunar-, jarðvegs- og gróðurannsóknir.....		11.450.000
Beitar- og fódurrannsóknir.....		4.500.000
Kornrækt og kornkynbætur.....		2.400.000
Stofnrækt kartaflna.....	1.175.000	2.500.000
Matvælarannsóknir.....		8.300.000
Fiskirækt og hlunnindanýting.....		5.400.000
Skógrækt og landgræðsla.....		1.800.000
Ylrækt og Garðyrkja.....		3.500.000
Loðdýrarækt.....		2.000.000
Ýmis rannsóknar- og þróunarverkefni.....		2.750.000
	3.175.000	48.100.000

13. Markaðs- og vöruþróun

Framlög til markaðs- og vöruþróunar voru engin á árinu 2011.

Upplýsinga- og kynningarmál.....		1.000.000
Vegna hrossa og hrossaafurða.....		6.000.000
Vegna sauðfjárafurða.....		500.000
Bændamarkaðir og heimasala.....		1.500.000
Ýmis markaðs- og kynningarmál.....		500.000
	0	9.500.000

14. Fyrirtæki í dreifbýli

Framlög í þennan flokk lækka um 12,2 m.kr. milli ára sem er 73,0 % lækkun

Vegna ferðaþjónustuverkefna	0	6.300.000
Vegna handverkssölu	0	1.500.000
Vegna annarra bændaverkefna	2.500.000	4.000.000
Vegna annarra fyrirtækja.....	2.000.000	4.850.000
	4.500.000	16.650.000

Skýringar

15. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Framlög til nýsköpunar á bújörðum og verkefni á vegum bænda lækka um 15,9 m.kr milli ára eða um 19,3%. Hámarksframlag til einstakra verkefna er 2,6 m.kr. en þó aldrei hærra en 30% af stofnkostnaði.

	2011	2010
Ferðþjónusta.....	22.100.000	33.600.000
Hestatengd þjónusta.....	10.800.000	12.580.000
Smávirkjanir	4.300.000	5.800.000
Iðn- og handverksaðstaða.....	2.600.000	1.100.000
Hlunnindaverkefni.....	0	2.600.000
Aðstaða vegna heimavinnslu afurða.....	13.000.000	9.950.000
Önnur verkefni á vegum bænda.....	13.400.000	16.440.000
	<u>66.200.000</u>	<u>82.070.000</u>

16. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2009 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti.

17. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður lækkar um 33,1% milli ára.

Stjórnarlaun.....	4.218.480	5.423.760
Laun.....	4.957.513	8.128.258
Launatengd gjöld.....	1.796.188	2.838.139
	<u>10.972.181</u>	<u>16.390.157</u>

18. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður lækkar um 2,1 m.kr. milli ára sem er 41,1% lækkun.

Ferða- og fundakostnaður.....	1.073.571	1.919.155
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	832.371	1.000.202
Endurskoðun og gerð ársreiknings.....	271.178	385.254
Lögfræðikostnaður.....	0	213.036
Húsnæðiskostnaður.....	766.200	1.469.337
Gjaldfærður búnaður.....	0	9.777
	<u>2.943.320</u>	<u>4.996.761</u>